



VERÐBRÉFASKRÁNING ÍSLANDS
ICELANDIC SECURITIES DEPOSITORY

ÚTGÁFULÝSING

ÚTGÁFA SKULDABRÉFA Í KERFI VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS HF

1. kafli

Almennar upplýsingar um útgefanda:

- 1.1 *Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.*
Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá), Kringlunni 5, 103 Reykjavík, kt. 701288-1739. Stjórn Sjóvá tók ákvörðun um útgáfuna á stjórnarfundi þann 28. febrúar 2008.
- 1.2 *Nöfn og kennitölur forsvarsmanns útgefanda.*
Þór Sigfússon, kt. 021164-5189, framkvæmdastjóri Sjóvá.
- 1.3 *Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir ef sérlög gilda um starfsemi hans.*

Útgefandi er váttryggingafélag og starfar eftir lögum nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi. Lýtur starfsemin eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

2. kafli

Upplýsingar um útgáfuna:

2.1 Viðtakandi greiðslna og annarra upplýsinga sem varða útgáfuna.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
Þór Sigfússon, thor.sigfusson@sjova.is
S.440-2000

2.2 Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda.

Auðkenni:	SJVA 08 1
Tegund bréfs:	Víkjandi skuldabréf án tiltekins lánstíma. Skuldabréfið er verðtryggt. Endurgreiðsla er í fyrsta lagi heimil að 5 árum liðnum frá útgáfudegi. Bréfið er kúlubréf og greiðir árlegar vaxtagreiðslur og höfuðstól í lokin.
ISIN:	IS0000017515
Heildarheimild samkv. samningi:	2.000.000.000 kr.
Útgefið nú:	1.150.000.000 kr.
Nafnverðseiningar:	5.000.000 kr.
Útgáfudagur:	3. mars 2008
Lokagjalddagi:	Skuldabréfið verður ekki endurgreitt að frumkvæði handhafa og ekki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins. Endurgreiðsla höfuðstóls er í fyrsta lagi heimil að 5 árum liðnum frá útgáfudegi og getur útgefandi tekið ákvörðun um að leita eftir samþykki Fjármálaeftirlitsins til endurgreiðslu skuldarinnar hvenær sem er að þeim tíma liðnum.
Dagaregla:	30/360
Verðtrygging:	Bréfið er verðtryggt. Grunnvísitala bréfsins miðast við dagvísitölu þann 3. mars 2008, sem er 282,69.
Nafnvextir:	Bréfið greiðir 11% vexti.
Fyrsti vaxtadagur:	3. mars 2008
Fyrsti gjalddagi vaxta:	3. mars 2009
Vaxtagjalddagar:	3. mars ár hvert fram að lokagjalddaga.
Bankadagur:	Bankadagur þýðir sá dagur þegar bankar hafa opið fyrir viðskipti í Reykjavík.
Bankadagsvenja:	Gjalddagi samkvæmt skuldabréfinu færist yfir á

þann bankadag sem næstur kemur á eftir þeim degi sem tilgreindur er þegar sá dagur er ekki bankadagur. Hafi sú tilfærsla í för með sér að gjalddaginn flytjist yfir í næsta mánuð flyst gjalddaginn yfir á þann bankadag sem næstur er á undan þeim degi sem tilgreindur er í skuldabréfi þessu.

Heimild til að fresta greiðslu á vöxtum:

Útgefanda er heimilt að fresta greiðslu á vöxtum að eigin frumkvæði og án samþykkis handhafa skuldabréfsins. Vexti skal þó í síðasta lagi greiða á lokagjalddaga. Ef vextir eru ekki greiddir á vaxtagjalddaga leggjast þeir ofan á höfuðstól skuldabréfsins. Útgefandi skuldbindur sig til að greiða ekki út arð séu vextir samkvæmt skuldabréfi þessu ógreiddir.

Gjaldmiðill:

ISK

Skuldabréfið er víkjandi:

Skuldabréfið er víkjandi þannig að kröfur á hendur útgefanda samkvæmt skuldabréfinu víkja fyrir öllum öðrum kröfum sem ekki eru víkjandi og koma ekki til endurgreiðslu fyrr en þær kröfur hafa verið gerðar upp við gjaldþrot eða slit útgefanda.

Heimild til að mæta tapi:

Útgefanda er heimilt að nota eftirstöðvar og ógreidda vexti til að mæta tapi þannig að útgefanda sé kleift að halda áfram starfsemi sinni.

Vanskil:

Að teknu tilliti til ofangreinds er heimilt, verði vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta af bréfunum, að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ber þá að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri upphæð samkvæmt framanrituðu. Þegar skuldin er fallin í gjalddaga samkvæmt framansögðu, má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar, nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjaldskostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustuaðgerðum.

Framsal:

Skuldabréfið skal við eigendaskipti framselja til nafngreindra aðila.

Stimpilgjald:

Sjóvá greiðir 0,50% stimpilgjald v/útgáfu þessarar

Ágreiningsmál:

Rísi mál út af skuldabréfi þessu má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991.

Tilkynningar:

Tilkynningu vegna endurgreiðslu skuldarinnar eða frestunar á greiðslu vaxta skal birta einu sinni í Lögbirtingablaði og einnig á heimasíðu útgefanda. Tilkynningin tekur gildi frá og með birtingu.

Heimild:

Heildarheimild útgáfunnar er 2.000 m.kr.

2.3 Hlunnindi sem tengd eru bréfunum, útreikningur þeirra og nýting.
Engin hlunnindi eru tengd skuldabréfunum.

2.4 Skattur á tekjur af bréfunum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.

Um skattalega meðferð bréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Útgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti af vaxtagreiðslum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, samanber 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

2.5 Tilgreint sé inn á hvaða VS - reikning ráðstafa eigi útgefnum skuldabréfum.

Fjárhæðinni skal ráðstafa inn á reikning á kennitölu Glitnis banka hf., 550500-3530, á hlutlausu svæðinu.

2.6. Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útgefendur sem Verðbréfaskráning telur nauðsynlegar.

3. kafli

Upplýsingar um þá sem annast útgáfulýsingu og þá sem ábyrgjast endurskoðun ársreikninga:

3.1 Nöfn og kennitölur þeirra sem annast útgáfulýsingu.

Glitnir Banki hf. kt. 550500-3530

Markaðsviðskipti s.440-4500.

Aðalsteinn Eymundsson, (adalsteinn.eymundsson@glitnir.is)

3.2 Nöfn og kennitölur löggiltra endurskoðenda útgefanda undanfarin þrjú ár.

KPMG hf., kt. 590975-0449 er endurskoðandi félagsins.

KPMG hf.

Borgartúni 27

105 Reykjavík

Sími 545-6000

KPMG@KPMG.is


4. kafli

Fylgigögn með skráningar- eða útgáfulýsingu:


- 4.1** *Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útgefanda.*
Sjá meðfylgjandi gögn.
- 4.2** *Staðfesting á að útgefandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lútandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna*
Sjá meðfylgjandi staðfestingu.
- 4.3** *Afrit af kvittun frá sýslumanni um að stimpilgjöld, þar sem við á, hafi verið greidd.*
Sjá meðfylgjandi kvittun.
- 4.4** *Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og afrit af samningi útgefanda við hann.*
Glitnir banki hf. er frumsöluaðili. Formlegur samningur milli aðila liggur ekki fyrir.
- 4.5** *Óski Verðbréfaskráning eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara um að félag sé ekki undir gjaldþrotaskiptum.*
- 4.6** *Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Verðbréfaskráning telur nauðsynleg.*

Reykjavík 3. mars 2008,

F.h. útgefanda
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.



Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:


Nafn, kt.

Nafn, kt.

F.h. Umsjónaraðila Glitnis banka hf.

